

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir Grástein í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. janúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Grástein í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er um 70 ha að stærð og tekur til 13 lóða fyrir íbúðarhús auk 3 athafnalóða.

Fyrir er í gildi deiliskipulag á svæðinu dagsett 15. ágúst 2007, samþykkt í sveitarstjórn þann 25. október 2007, unnið af Verkfræðistofu Suðurlands sem fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. og 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Vötn, lóð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Vötn, lóð, í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er um 3 ha að stærð og er austan Þorlákshafnarvegjar. Það tekur til lóðar fyrir íbúðarhús, bílskúr, frístundahús og tvö önnur hús til landbúnaðarnota.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 22. maí 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.